










Fundargerð

Fimmtudaginn 16. júní 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Á. Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargögn

	Ársreikningar 2021 - Hagstofan
	Ársreikningur Árborgar
	393 fundargerð 07 06 2022.docx
	394 Dagskrá fundar EFS 16 06 2022.docx
	Ársreikningar 2021 - yfirlit .xlsx
	Drög að bréfi til Árborgar júní.docx
	Drög að bréfi til sveitarfélaga vegna ársreik...
	Texti EFS í skýrslu tekjustofnanefndar júní.d...
	Yfirlit um mál í vinnslu júní 2022.xlsx

2. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð nr. 393 var samþykkt.

3. Samtal með nýjum skrifstofustjóra

Aðalsteinn Þorsteinsson nýr skrifstofustjóri á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála í Innviðaráðuneytinu kom á fund EFS til að ræða almennt um störf nefndarinnar og verkefni sem eru framundan hjá nefndinni.

4. Skýrsla tekjustofnanefndar

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi og lögð voru fram drög að texta um viðmið EFS í skýrslu tekjustofnanefndar til umfjöllunar og yfirferðar. Fjallað er almennt um fjármál sveitarfélaga og viðmið EFS.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að samþykkja drögin.

5. Ársreikningar 2021

Bréf til sveitarfélaga

Lögð voru fram drög að bréfi til sveitarfélaga vegna ársreikninga 2021. Ákveðið var á síðasta fundi að senda bréf til þeirra sveitarfélaga sem eru með neikvæða rekstrarniðurstöðu á árinu 2021 fyrir A- og B-hluta. Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að senda bréf til umrædda sveitarfélaga og jafnframt til allra sveitarfélaga sem

uppfylla ekki lágmarksviðmið EFS hvort sem um er ræða einungis A-hluta eða A- og B-hluta.

Bréfið er almenns eðlis og munu 42 sveitarfélög fá bréf. Ekki verður óskað eftir neinum svörum við bréfinu.

Árborg

Lögð voru fram drög að bréfi til sveitarfélagsins Árborgar vegna ársreiknings 2021 og fjárhagsáætlun 2022. Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 2,1 ma.kr. sem reyndist vera meiri halli en útkomuspá 2021 gerði ráð fyrir. Fram kemur í bréfinu að EFS hefur áhyggjur af fjárhagsstöðunni og leggur áherslu á að sveitarfélagið leiti allra leiða til að koma jafnvægi á reksturinn. Jafnframt er óskað eftir fundi með fulltrúum Árborgar.

6. Verkefnaskjal

Farið var yfir verkefnaskjal og uppfært.

7. Önnur mál

Enginn önnur mál